



MYNDIR NORÐURSINS

**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun fræðabingsins
IMAGES OF THE NORTH
á vegum
ReykjavíkurAkademíunnar
24. febrúar 2006**

Ágætu fræðimenn, sérfræðingar
og áhugafólk um framtíð Norðursins

Það er kjörið að efna til víðtækra umræðna um norðurslóðir við upphafi nýrrar aldar, framtíð þeirra, einkenni og ögranir, lífshætti íbúanna, menningu og siði á umbrotatímum; umræðna um auðævin sem Norðrið geymir, orkulindir og náttúrugæði, um gildi Norðursins fyrir framtíð jarðarbúa.

Slík umræða hefði verið óhugsandi fyrir fáeinum áratugum. Norðrið var þá hulið flestum, nánast bannsvæði því vígbúnaður kalda stríðsins hélt því í heljargreipum. Athygli og áhugi, hagsmunir og ítök voru bundin öðrum svæðum, járnþjaldið lá um Evrópu þvera og á alþjóðavettvangi var sjónum einkum beint að meginlandinu.

Nú er öldin önnur. Kalda stríðinu er lokið, vígbúnaðarkapphlaupið hefur breyst í þá viðleitni að eyða kjarnorkuvopnum á ábyrgan hátt, lýðræði og efnahagslegar umbætur hafa komið í stað ógnarspennu sem áður gerði granna að féndum; Bandaríkin og Rússland tengjast nú samvinnuböndum.

Þessar breytingar hafa leyst Norðrið úr fjötrum og skapað ný tækifæri fyrir þjóðirnar sem sem þar búa; bæði stjórnvöld og almenningur hafa tekið því fagnandi og beitt ríkri sköpunargleði við að efla samvinnu og tengsl með frumlegum hætti.

Norðrið hefur í rösk tíu ár verið eins konar tilraunastofa þar sem stofnanir og samtök af nýjum toga hafa vaxið fram. Árangurinn hefur verið slíkur að nú blasa við fjölpættir möguleikar til að hafa áhrif, gera sig gildandi, taka þátt. Leiðirnar eru öllum opnar: stjórnvöldum og almenningi, samtökum og félögum, fræðimönnum með nýjar hugmyndir eða athyglisverðar niðurstöður, íbúum einstakra svæða, þjóðflokkum og þjóðarbrotum.

Stofnananetið sem riðið hefur verið á norðurslóðum er að þessu leyti einkar lýðræðislegt og ólíkt samvinnuformum sem kunn eru á öðrum slóðum veraldarinnar:

- Norðurskautsráðið er blessunarlega laust við að vera skrifræðisbákn og gefur því landi sem fer með formennsku á hverjum tíma tækifæri til að setja fram nýjar tillögur og ferskar hugmyndir.
- Norðurvettvangur - Northern Forum - tengir borgir og landsvæði saman með áherslu á fjölbreyttar þarfir íbúanna sem dreifðir eru um norðurslóðir.
- Háskóli norðurslóða er samstarfsvettvangur um 70 fræðasetra og gefur fyrirheit um fjölpætta þekkingarsköpun og fræðslu.
- Rannsóknarþing Norðursins hefur fest í sessi sem vettvangur vísindamanna, sérfræðinga, kjörinna fulltrúa, forystufólks í menningu og viðskiptum og leggur að auki áherslu á að skapa ungum vísindamönnum tækifæri til að helga sig viðfangsefnum norðurslóða.

Fleiri dæmi mætti nefna en allt er þetta til vitnis um grósku og nýsköpun sem einkennt hefur málefni norðurslóða að undanfögnu. Hinn nýi stofnanavefur hefur verið opinn fyrir þátttöku og hugmyndum úr ólíkum áttum.

Þessi sterka lýðræðislega vídd er veigamikill eiginleiki þegar Norðrið öðlast sífellt meira vægi og umræðan um þróunina á norðurslóðum er orðin meðal brýnustu viðfangsefna heimsálanna. Tvennt gerir einkum að verkum að Norðrið er nú þegar og verður enn frekar í framtíðinni lykilsvæði þegar örlög jarðarbúa eru ráðin.

Í fyrsta lagi hættan á loftslagsbreytingum. Norðurslóðir eru mikilvægasta mælitækið sem nemur þær breytingar sem eru að verða á heimsvísu. Þar hækkar hitinn örvar en annars staðar, jöklarnir bráðna og áhrifin á hafstraumana geta bylt lífsskilyrðum í öllum álfum. Nánast daglega flytja fjölmiðlar fréttir af breyttum náttúruskilyrðum á norðurslóðum og erfiðleikum sem íbúar þurfa að glíma við. Norðrið er

orðið helsta tákmyndin um hætturarnar sem loftslagsbreytingum geta fylgt – vegvísir sem því miður boðar öllum jarðarbúum skýra ógn.

Í öðru lagi er orkuforðinn sem Norðrið geymir: olía, gas, vatnsorka, jarðhiti – en talið er að um fjórðung af ónýttum orkuforða jarðarinnar sé þar að finna. Hér eru gríðarlegir hagsmunir í húfi, ekki aðeins fyrir framtíð íbúa á norðurslóðum heldur gjörvalla heimsbyggðina. Við þurfum ekki annað en hugleiða stöðu og áhrif Mið-Austurlanda á okkar tímum til að skilja hve áhrifarík umræðan um nýtingu orkuforðans á norðurslóðum getur orðið í framtíðinni.

Þessir tveir þættir – loftslagsbreytingarnar og orkumálin – setja Norðrið í brennidepil heimsmálanna en margt fleira gefur Norðrinu aukið gildi. Má þar nefna hina norðlægu siglingaleið sem tengt getur Asíu við Evrópu og Ameríku á nýjan hátt og gerbreytt eðli heimsviðskipanna líkt og Suezskurður gerði á sínum tíma. Þá má nefna málefni frumbyggja – í Alaska, Kanada og Rússlandi svo að dæmi séu nefnd – sem tengjast grundvallarspurningum um lög og rétt, um samspil einstaklinga og ríkisvalds, um fordæmi sem haft geta víðtæk áhrif í öðrum álfum. Hið sama á við um varðveislu menningar ólíkra þjóðarbrotta, verndun tungumála og lífsstíls sem eru órofa hluti af arfleifð kynslóðanna; hvernig íbúar á Norðurslóðum bregðast við alþjóðlegum áhrifum sem ógna siðum og hefðum sem um aldir skópu sérstöðu.

Norðrið hefur á skömmum tíma færst frá jaðri umræðunnar í brennidepil heimsmálanna, orðið miðpunktur þar sem mikil örlög geta ráðist og umræður um fjölþætt viðfangsefni markað öðrum farveg.

Þessi umskipti skapa okkur Íslendingum ný tækifæri til að láta til okkar taka, tækifæri til að hafa áhrif, leggja að mörkum efnisþætti sem öðrum koma að góðu gagni, gerast hugmyndasmiðir og þátttakendur í umræðunum.

Það sem ég hef stundum nefnt Nýja Norðrið veitir okkur Íslendingum í fyrsta sinn í sögu okkar svigrúm til áhrifa á sviðum sem hafa ríkulegt gildi fyrir alla heimsbyggðina, geta ráðið úrslitum um heill og velferð jarðarbúa.

Það eru aðeins átta lönd sem byggja Norðrið, auk okkar og frændþjóðanna á Norðurlöndum eru það Bandaríkin, Kanada og Rússland. Málefni norðurslóða skapa Íslendingum því fjölmörg tækifæri til nýrra samvinnuverkefna, jafnt við Bandaríkin sem Rússland og geta einnig gefið norrænni samvinnu nýtt innihald.

Reynslan sýnir að í æ ríkara mæli skiptir sköpum í alþjóðlegri umræðu hvort það erindi sem fram er lagt - hugmyndir, nýjungar, þekking, tækni og reynsla - verður öðrum til góðs.

Í þessum efnum hefur Ísland sýnt að við höfum margt að bjóða og framlag okkar um málefni norðurslóða hefur verið vel þegið.

Tvö dæmi sýna ágætlega hvað hægt er að gera séu fagmennska, hugmyndaugi og heilindi höfð að leiðarljósi og engir annarlegir hagsmunir með í för.

Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu fyrir tveimur árum skilaði veigamiklum skýrslum, undirstöðurítum um þróun loftslags og framtíð byggða sem unnin voru í samvinnu fjölda fræðimanna frá ólíkum löndum og lögðu grundvöll að nýjum áföngum í samvinnu þjóðanna á norðurslóðum. Þar skipti framúrskarandi vinna Gunnars Pálssonar sendiherra miklu og sýndi glæsilega hvern þátt hæfileikaríkur Íslendingur getur átt á nýjum vettvangi norðurmála.

Rannsóknarþing Norðursins er byggt á frumkvæði Íslendinga og Háskólinn á Akureyri hefur stýrt því samstarfi frá upphafi. Fjöldmenn sveit þátttakenda frá öðrum löndum telur höfuðstöðvum Rannsóknarþingsins best borgið í höndum Íslendinga og hin alþjóðlega stjórnarnefnd hefur ávallt talið að sú skipan tryggi árangur og auðveldi öðrum að geta komið að málum á jafnréttisgrundvelli.

Smæðin er okkur mikill styrkur þegar kemur að málefnum norðurslóða.

Í ljósi alls þessa sem ég hef hér rakið er það sérstakt fagnaðarefni að nú skuli efnt til fjölþætts umræðuþings til að skoða og skilgreina ýmsar hliðar á verkefnunum sem við blasa á Norðurslóðum, hvernig eða hvort ímyndirnar endurspegla raunveruleikann.

Við erum í þessum efnum rétt að hefja heillandi vegferð og í leiðangrinum um Nýja norðrið er áriðandi að sem flestir láti til sín taka.

Viðfangsefnin eru ólíkrar ættar og þekking okkar á mörgum sviðum enn í molum. Því er brýnt að fræðimenn og kunnáttufólk með fjölþættan bakgrunn komi að verki. Þekkingarleitinn þarf að vera grundvallarstefna, nýsköpunin leiðarljós og þátttaka allra boðorð dagsins.

Það er brýnt að umfjöllun um framtíð norðurslóða mótist af ríkri lýðræðishefð því það er hún sem umfram annað hefur skapað árangur liðinna ára.

Það er mikið í húfi, ekki aðeins fyrir Norðrið og íbúa þess, heldur líka fyrir heimsbyggð alla.